

Kennari: Elísabet Kjartansdóttir

Tíma fjöldi: 2

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk.

Bekkur: 5. bekkur

Náttúrufræði

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrja m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

Náttúrufræði

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i> | Leiðir: |
|-------------------|--|--|--|
| Að búa á jörðinni | <ul style="list-style-type: none">- Ísland, veröld til- að njóta- Líf á landi- Úti um mela og- móa- Ánamaðkar- Grænu skrefin- Ýmis verkefni frá Kennara- Fræðibækur- Vefefni- Uppflettirit- Ýmis efni og áhöld vegna tilrauna | <ul style="list-style-type: none">- útskýrt hvernig Ísland byggðist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist- lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi- þekkt hvernig ræktanlegt land er notað og geti rætt- ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs- útskýrt afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíðar- og dægurskiptum og því að tíminn líður hratt.- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta- geti aflað sér upplýsinga er varða náttúruna | <ul style="list-style-type: none">- Lestur- Innlögn- Umræður- Áhorf- Hugtakavinna- Paravinna- Hópavinna- Athuganir- Verklegar æfingar- Útikennsla |

| | | |
|---|--|--|
| Lífsskilyrði manna | <ul style="list-style-type: none"> - útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í Umhverfinu - gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun - getur útskýrt mikilvægi næringar, hvíldar, hreyfingu og hreinlætis. | |
| Náttúra Íslands | <ul style="list-style-type: none"> - læri um fjölbreytt umhverfi Íslands, ólík gróðurlendi og landslag - lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi - lýst einkennum planta og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengslum þeirra við hvort annað og umhverfið - þekkt lífsferil ánamaðka - þekkt mikilvægi ánamaðka fyrir gróður og vistkerfi manna | |
| Heilbrigði umhverfisins | <ul style="list-style-type: none"> - gert sér grein fyrir mikilvægi umhverfisverndar - tekið þátt í að bæta eigið umhverfi og náttúru - tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa - gert grein fyrir notkun manna á auðlindum - dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs - greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir - þekkt endurnýjanlega orkugjafa - rætt mikilvægi samvinnu og samstilltra aðgerða sem varða umhverfismál -þekkt hringrás endurvinnslu og mikilvægi þess að nota minna, endurnýta og endurvinna. - þekkt hugtök eins og hnattræn hlýnun, gróðurhúsalofttegundir, loftlagsbreytingar og koltvísýringur - þekkt hugtök eins og sjálfbært, endurnýjanlegt og umhverfisvænt og skilur mikilvægi þeirra í tengslum við umhverfisvernd | |
| Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu | <ul style="list-style-type: none"> - áttað sig á hvernig notkun tækni hefur áhrif á daglegt líf - fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru - lesið og skrifa um hugtök í náttúruvísindum | |
| Námsmat | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. | |